

Tónminjasetur Íslands,
Hafnargötu 6,
825 Stokkseyri.

Alþingi
Erindi nr. P/30/2177
komudagur 27.4.2004

Selfossi, 27. apríl 2004.

Umsögn um frumvarp til laga um tónlistarsjóð

Tónminjasetrinu hefur borizt til umsagnar ofangreint frumvarp og er því fagnað að frumvarpið skuli vera komið fram. Velta má því fyrir sér hvort sjóðurinn verði nægilega styrkur af 20 til 30 milljón króna framlagi árlega.

Nú bætist við kostnaður af starfi tónlistarráðs, sem skipað er til þriggja ára í senn. Ekki eru gerðar athugasemdir við skipan þess, en bent á að mikilvægi alþýðutónlistar hefur aukizt mjög á síðustu árum og nægir þar að nefna sókn íslenzkrar alþýðutónlistar á erlenda markaði. Tryggja þarf að fulltrúi þess geira hljóti sæti í tónlistarráði.

Samkvæmt 3. grein frumvarpsins er gert ráð fyrir því að þóknun fulltrúa í tónlistarráði greiðist af fé sjóðsins. Einnig er gert ráð fyrir því að við mat á umsóknum sé tónlistarráði heimilt að leita umsagnar fagaðila. Væntanlega er gert ráð fyrir því að þeirri leit fylgi ekki kostnaður, en æskilegt kann að vera að taka fram að ekki skuli greiða fyrir slíkar umsagnir.

Ekki kemur fram hvort fé sjóðsins skuli skipt milli deilda hans þ. e. annars vegar tónlistardeild og hins vegar markaðs- og kynningardeild. Æskilegt kann að vera að tryggja deildunum í lögum jafnræði um úthlutun fjár úr sjóðnum. Ljóst má vera að markaðsstarf vegna kynningar íslenzkrar tónlistar á erlendri grundu fær stöðugt aukið vægi.

Tónminjasetrinu er ánægja af því að leggja til að frumvarpið verði samþykkt, en leggur áherzlu á þau sjónarmið er lýst hefur verið hér að framan.

Ólafur Helgi Kjartansson
Formaður Tónminjaseturs Íslands